

## Skólaráðsfundur í Oddeyrarskóla 25. september 2020

Mættir: Anna Bergrós Arnarsdóttir skólastjóri, Rannveig Sigurðardóttir deildarstjóri, Fjóla Kristín Helgadóttir deildarstjóri, Sunneva Guðgeirsdóttir fulltrúi starfsmanna, Arney Ingólfssdóttir fulltrúi foreldra og Sara Rún Sævarsdóttir fulltrúi nemenda.

Herdís Jónsdóttir fulltrúi kennara, Sólveig Styrmsdóttir fulltrúi kennara, Jóna Kristín Guðmundsdóttir fulltrúi foreldra og Jósep Pétursson fulltrúi nemenda, komust ekki á fundinn  
Fundarritari: Fjóla Kristín Helgadóttir

Mál á dagskrá:

1. **Fulltrúar í skólaráði.** Anna fór yfir fulltrúa í skólaráði. Varafulltrúi foreldra var boðaður á fundinn en ekki barst svar frá honum.
2. **Starfsáætlun.** Anna kynnti [Starfsáætlun](#) og lagði hana fram til samþykktar. Hún var samþykkt án athugasemda. Starfsáætlun mun birtast á heimasíðu eftir helgina.
3. **Vorskýrsla.** Anna kynnti [Vorskýrsla 2020](#) og sagði sérstaklega frá innra mati og tengingu við nýja menntastefnu og ný gæðaviðmið. Hún sagði einnig frá umbótaáætlun skólans og þeim þáttum sem á að leggja áherslu á í upphafi skólaársins. Starfsmaður lýsti yfir ánægju sinni með skipulagt innlit stjórnenda inn í bekki.
4. **Gæðaráð.** Anna kynnti gæðaráð og verkefni þess.
5. **SMT.** Anna kynnti [Reglutafla SMT](#) og [agaferli](#). Til stendur að prenta nýjar reglutöflur upp á nýtt. Agaferli var endurskoðað nú í haust og var farið sérstaklega yfir það. Foreldri veltir fyrir sér hvort ungir nemendur geri sér grein fyrir því hvað það þýðir að fá skráningu. Nokkur umræða, fundarmenn veltu líka fyrir sér hvort agaferlið ætti að hanga upp á vegg. Ákveðið var að kynna fyrir nemendum en ekki hengja upp á vegg. Agaferli samþykkt.
6. **Önnur mál**
  - a. **Jafnréttismál.** Anna sagði frá jafnréttisráði sem heldur utan um jafnréttisáætlun skólans og framkvæmdaáætlun tengda henni.
  - b. **Skólalóðin.** 5 milljónum hefur verið úthlutað í uppbyggingu á skólalóð fyrir þetta ár og 30 fyrir það næsta. Anna fór í fund í vikunni með þeim sem málið varðar. Óskað hefur verið eftir tillögum frá nemendum, starfsfólki og foreldrum. Margar tillögur hafa komið fram. Umræður um hvað sé mikilvægast að hafa á skólalóðinni og umferð bíla á skólalóð. Hjólabrautin er mikið notuð.
  - c. **Hraðakstur í kringum skólann.** Fulltrúi foreldra sagði að mikilvægt væri minnka hraðakstur í kringum skólann. Ákveðið var að senda áminningu bæði til starfsfólk og foreldra.
  - d. **Fundartími.** Anna ræddi mögulegan fundartíma á mánudögum og miðvikudögum